

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að eftirtaldar götur verði vistgötur:
 - a. Norðurstígur.
 - b. Nýlendugata, austan Ægisgötu.
2. Að eftirtaldar gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:
 - a. Yfir Skipholt vestan Stúfholts.
 - b. Yfir Árvað austan Þingtorgs.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 31. ágúst 2020.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2020